

Samþykktir félagsins

MIÐBORGIN REYKJAVÍK

1. gr. Nafn og heimili félagsins

Félagið heitir Miðborgin Reykjavík.

Heimili þess, varnarþing og skrifstofa er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins Miðborgin Reykjavík er að vera vettvangur einstaklinga og fyrirtækja sem starfrækja atvinnurekstur á starfssvæði félagsins í miðborg Reykjavíkur til að skapa jákvæða upplifun og efla atvinnurekstur, verslun og þjónustu og störf á svæðinu.

Félaginu er ekki ætlað að vera málsvari félagsmanna í skipulags- og umferðarmálum.

Félagið aflar tekna með árgjöldum félagsmanna, gjöfum og styrkjum sem því kann að áskotnast. Ákvörðun um félagsgjald er tekin á aðalfundi. Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum eða öðrum skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.

3. gr. Markmið, verkefni og áherslur

Markmið félagsins er að:

- Stuðla að og móta framtíðarsýn um miðborg Reykjavíkur sem staðar til þess að njóta, starfa og eiga viðskipti.
- Efla jákvæða ímynd, ásýnd og aðdráttarafl miðborgar Reykjavíkur fyrir völdum markhópum.
- Stuðla að þróun miðborgar Reykjavíkur á sjálfbæran máta með sérstaka áherslu á umhverfi og öryggi.
- Tryggja gott upplýsingaflæði milli félagsmanna og Reykjavíkurborgar.

Félagið hyggst ná markmiðum sínum með eftirfarandi hætti:

- Að annast kynningar- og markaðsmál í tengslum við valda markhópa (þ.m.t. markaðsviðburði).
- Að koma fram fyrir hönd félagsmanna um tiltekin málefni miðborgar Reykjavíkur.
- Að skipuleggja tengslastarf með félagsmönnum, öðrum fyrirtækjum og hagaðilum með áherslu á innra starf og sameiginleg markmið um uppbyggingu og starfsemi á starfssvæði félagsins.
- Samstarf og upplýsingamiðlun milli félagsmanna og Reykjavíkurborgar.
- Að safna, greina og miðla gögnum vegna rannsókna, mælikvarða og gerð tölfræðigagna er snúa að starfsemi á starfssvæði félagsins.

- Að vinna að bættu umhverfi og öryggi í miðborg Reykjavíkur með völdum samstarfsverkefnum með félagsmönnum, Reykjavíkurborg og öðrum hagaðilum.
- Að vinna með völdum svæðum að framgangi og uppbyggingu – s.s. innri kjarni og ytri kjarna - en einnig að vinna með félagsmönnum þeim svæðum sem hafa valið að starfa saman að framgangi og uppbyggingu.

Fjármunum félagsins skal ráðstafað til að ná framangreindum markmiðum félagsins.

4. gr. Aðild

Aðild að félaginu geta allir þeir átt sem starfrækja atvinnurekstur í miðborg Reykjavíkur og hafa til þess tilskilin leyfi, eftir því sem við á.

Miðborg Reykjavíkur er starfssvæði félagsins og nær frá Granda út að Höfðatorgi/Lönguhlíð (meðtalið) og frá sjó að Hringbraut.

Félagsmenn geta þannig bæði verið fyrirtæki og einyrkjar í sjálfstæðum atvinnurekstri sem stunda atvinnurekstur á starfssvæði félagsins.

Atkvæðavægi og félagsgjald tekur mið af stærð atvinnurekstrar (starfsstöðvar) á starfssvæði félagsins og tegund. Aðilum skal skipt í flokka sem skulu vera sex talsins. Félagsmenn með starfsstöð sem er að stærð allt að 25 m² skulu vera í flokki 1 og hafa 1 atkvæði. Félagsmenn sem eru með starfsstöð að stærð á bilinu 26-75 m² skulu vera í flokki 2 og hafa 2 atkvæði. Félagsmenn sem eru með starfsstöð að stærð á bilinu 76-150 m² skulu vera í flokki 3 og hafa 3 atkvæði. Félagsmenn sem eru með starfsstöð að stærð á bilinu 151-300 m² skulu vera í flokki 4 og hafa 4 atkvæði. Félagsmenn sem eru með starfsstöð að stærð yfir 300 m² skulu vera í flokki 5 og hafa 5 atkvæði. Í flokki sex eru félagsmenn hvers atvinnurekstur er hótélrekstur, rekstur fjármálafyrirtækis og rekstur fasteignafélags, allt óháð stærð starfsstöðvar, og skulu þeir félagsmenn hafa 6 atkvæði.

Umsókn um aðild skal vera rafræn og sendast stjórn félagsins. Með umsókn um aðild skulu fylgja upplýsingar um fyrirsvarsaðila og starfsstöð á starfssvæði félagsins.

Stjórn félagsins tekur umsókn um aðild til afgreiðslu á næsta stjórnarfundum eftir að umsókn berst. Telst umsóknarbeiðni samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir beiðnina og tekur aðild þá þegar gildi.

Heimilt er að segja sig úr félaginu með skriflegri tilkynningu til stjórnar félagsins með sex mánaða fyrirvara. Úrsögn tekur þá gildi frá og með næstu áramótum. Þeir sem segja sig úr félaginu eiga enga endurkröfu til neins af framlögum eða félagsgjöldum til félagsins. Stjórn félagsins hefur heimild til að vísa félagsmönnum úr félaginu séu málefnalegar ástæður fyrir hendi, en til málefnalegra ástæðna teljast (ekki tæmandi talið) ef einhver félagi er úrskurðaður gjaldþrota eða félagi eða fyrirsvarmaður félags sýnir af sér háttsemi sem veldur eða er líklegt til að valda félaginu orðsporsáhættu.

Stjórn er heimilt að má af félagaskrá þá aðila sem ekki hafa greitt árgjöld til félagsins í eitt ár eða lengur eða eru hættir störfum eða hafa flutt starfsemi sína af starfssvæði félagsins. Félagsmönnum skal tilkynnt um afskráningu, eftir því sem hægt er. Heimilt er að senda slíka tilkynningu með tölvupósti. Afskráning leysir félagsaðila ekki undan greiðslu áfallinna félagsgjalda.

5. gr. Starfstímabil

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur á félagsfundum en stjórn er heimilt að bjóða öðrum aðilum til fundarins. Reykjavíkurborg er þó ávallt heimilt til að tilnefna aðila til að mæta og sitja á félagsfundum félagsins.

Ársreikningur félagsins skal liggja fyrir eigi síðar en um miðjan febrúar ár hvert, a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund. Viku fyrir aðalfund skal ársreikningur, ásamt athugasemdum endurskoðanda eða skoðunarmanns, gerður aðgengilegur félagsmönnum á skrifstofu félagsins.

6. gr. Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. mars ár hvert og skal formaður stjórnar eða starfandi framkvæmdastjóri í umboði formanns boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti, s.s. með bréfi eða í tölvupósti til félagsmanna, á vefsíðu félagsins eða á samfélagsmiðlum félagsins. Í fundarboði skal getið dagskrár og tillögur að lagabreytingum.

Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað, án tillits til fundarsóknar nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár lögð fram
3. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar
4. Tillaga stjórnar um fjárhagsáætlun næsta árs og ákvörðun félagsgjalds
5. Lagabreytingar, enda séu þær kynntar í fundarboði
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðanda eða tveggja skoðunarmanna
8. Önnur mál

7. gr. Aðrir félagsfundir

Stjórn félagsins skal boða til annarra félagsfunda þegar við þykir horfa eða ef a.m.k. 30% skráðra félagsmanna óskar eftir því skriflega við stjórn félagsins. Ósk um félagsfund skal send stjórn félagsins og ber henni þá skylda til að boða til félagsfundar án tafar og þá með ekki meira en tveggja vikna fyrirvara, nema sérstaklega standi á.

Í fundarboði skal stuttlega gera grein fyrir þeim málum sem taka skal fyrir á fundinum. Ályktunum um mál sem ekki er getið í fundarboði skal vísað til stjórnar.

Félagsfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað, án tillits til fundarsóknar nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

8. gr. Atkvæðamagn o.fl.

Hver félagsmaður á rétt á tilteknum fjölda atkvæða á félagsfundi sem fer eftir þátttöku og stærð fyrirtækisins, sbr. nánar í 4. gr. Fjöldi atkvæða á félagsfundi fer þannig eftir flokki þess félagsmanns sem félagsgjöld hafa verið greidd fyrir.

Rétt til setu á fundum félagsins með málfrelsi og tillögurétt eiga félagsmenn og framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn aðildarféлага sem fara með umboð þess félags, auk fulltrúa Reykjavíkurborgar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að fela umboðið öðrum og skal umboðið þá vera skriflegt.

Atkvæðagreiðsla á aðalfundi og félagsfundi skal vera skrifleg ef 1/5 hluti fundarmanna krefst þess.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum á aðalfundi og félagsfundi, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

9. gr. Fundarstjórn o.fl.

Hverjum fundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Hann skal kynna í upphafi hvort löglega sé boðað til fundarins og úrskurða þar um. Fundarstjóri velur fundarritara úr hópi fundarmanna.

Fundarstjóri skal stýra atkvæðagreiðslum og annarri málsmeðferð á félagsfundum.

Í fundargerð skulu koma fram allar samþykktir félagsfunda og stutt skýrsla um annað sem fram kemur. Fundargerð skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara. Fundargerð skal varðveitt með rafrænum hætti.

10. gr. Stjórn

Stjórn félagsins er kosin á aðalfundi og skal leitast eftir því að hún endurspegli fjölbreytni í atvinnurekstri miðborgarinnar.

Í stjórn eru kjörnir fimm félagsmenn sem kjósa sér formann og skipta með sér verkum. Þrír stjórnarmenn eru kosnir annað hvert ár, til tveggja ára í senn. Tveir stjórnarmenn eru kosnir annað hvert ár, til tveggja ára í senn. Kjörgengir eru aðeins félagsmenn og fyrirsvarsmenn fyrirtækja, sem eru aðilar að félaginu. Krafa er um að félagsmaður, eða fyrirtæki hvers félagsmanns sem kjörinn er í stjórn, sé í skilum með árgjald.

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda.

Reykjavíkurborg hefur heimild til að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa sem þá hefur heimild til að sitja stjórnarfundum félagsins. Tilnefningin skal send stjórn félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Fulltrúi skal vera tilnefndur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Stjórn skal halda fundi eftir því sem þörf krefur og formaður ákveður. Formaður skal boða til funda með tryggilegum hætti með a.m.k. viku fyrirvara, en heimilt er að setja skemmri frest

vegna sérstakra aðstæðna. Formaður skal ávallt boða til fundar stjórnar ef tveir meðstjórnendur óska þess.

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og/eða verkefnastjóra og ákveða starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið. Sé framkvæmdastjóri ráðinn, þá skal hann hafa með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og koma fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða daglegan rekstur þess. Framkvæmdastjóri sér og um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum/skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Stjórnarfundur er lögmætur ef hann sækja, auk formanns, minnst tveir meðstjórnendur. Falli atkvæði jöfn í stjórn félagsins ræður atkvæði formanns úrslitum.

Ákvarðanir stjórnar skulu ritaðar í fundargerð sem skulu undirritaðar.

Alla samninga og skuldbindingar sem stjórnin gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þessum og ákvörðunum félagsfunda eru bindandi fyrir félagið.

Allar ákvarðanir félagsfunda skal kynna félagsmönnum svo fljótt sem verða má.

Samningar sem skuldbinda félagið eða fela í sér meiriháttar ráðstöfun á eignum þess skulu undirritaðar af formanni, eða varaformanni og tveimur öðrum stjórnarmönnum.

11. gr. Félagsgjöld og annað fjármagn

Tillaga stjórnar um fyrirkomulag og upphæð félagsgjalds skal leggja til samþykktar á aðalfundi. Tillagan skal gera ráð fyrir stighækkandi félagsgjaldi eftir flokkum sem tekur mið af stærð og tegund atvinnurekstrar.

Félagsgjöld skulu innheimt ársfjórðungslega.

Félagið gerir einnig sérstakan samning við Reykjavíkurborg um beinan fjárstuðning í stað félagsgjald og um valin verkefni sem fjármagn og/eða annar stuðningur fylgir.

12. gr. Rekstrarafgangur/hagnaður

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang og markmið félagsins og getur færst á milli ára.

13. gr. Slit

Ákvörðun um slit félagsins eða samruna við önnur félög eða samtök skal taka á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæðabærra aðila fundarmanna á aðalfundi. Á sama fundi skal taka ákvörðun um ráðstöfun eigna félagsins sem skulu, ef einhverjar eru, renna til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á sama fundi.

Slíka tillögu má ekki taka til afgreiðslu nema hún hafi sérstaklega verið kynnt í fundarboði.

14. gr. Breytingar á samþykktum

Tillögur um breytingar á samþykktum skulu sendar stjórn félagsins skriflega fyrir 1. febrúar ár hvert til meðferðar á aðalfundi í mars. Stjórnin skal senda félagsmönnum slíkar tillögur til kynningar með aðalfundarboði. Tillögur til breytinga á samþykktum þurfa samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna til þess að öðlast gildi.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins þann 1. mars 2023.

Ákvæði til bráðabirgða

Á stofnfundi þann 1. mars 2023 skulu kjörnir fimm stjórnarmenn og skulu þrír þeirra kjörnir til þriggja ára og tveir þeirra kjörnir til tveggja ára.

Nöfn stjórnarmanna